

Nd.

364. Frumvarp til laga

um breyting á vegalögum, nr. 101 19. júní 1933.

(Eftir 3. umr. í Ed.).

2. gr. laganna breytist á þessa leið:

I. Fyrir 1. málslíð í A. 1. komi tveir nýir málslíðir:

Suðurlandsvegur, sem er tvískiptur frá Reykjavík í Ölfus, önnur leiðin um Lækjarbotna, en hin um Hafnarfjörð, Krýsuvík og Selvog. Úr Ölfusi um Flóa og Holt austur yfir brú á Ytri-Rangá.

II. Fyrir orðin „um Hóla í Nesjum“ í 3. másl. A. 1. komi: yfir Hornafjarðarfljót innra (um Hoffell að Bjarnanesi) og yfir Hornafjarðarfljót ytra um Hóla í Nesjum.

III. Fyrir orðin „Lón að Lónsheiði“ í sama málslíð komi: Lón um Hraunhólskletta að Lónsheiði.

IV. Á eftir A. 5. bætast nýir liðir:

a. *Gaulverjabæjar-* og *Stokkseyrarvegur*: Frá Suðurlandsvegi austan Mjólkurhús Flóamanna um Gaulverjabæ og Stokkseyri til Eyrarbakkevegur á vegamótum milli kaupúnanna.

b. *Villingaholtsvegur*: Frá Suðurlandsvegi hjá Hraungerði til Villingaholts.

V. A. 9. skal orða svo:

Gnúpverjavegur: Frá vegamótum Skeiðavegar sunnan Laxár um brú á Kálfá og norðan Skaftaholtsmúla að Ásólfstöðum.

VI. Fyrir „Múla“ í A. 10. komi: Galtalæk.

VII. Fyrir orðin í A. 11. „inn Fljótshlíð að Hliðarenda“ komi: inn Fljótshlíð að Múlakoti.

VIII. Á eftir A. 11. bætist nýr liður:

Meðallandsvegur: Frá Suðurlandsvegi í Skaftártungu yfir Ásabrú um Leiðvöll að Langholti í Meðallandi.

- IX. Aftan við A. 13. bætist: og þaðan um Útskála að Sandgerði.
- X. Á eftir B. 5. bætast nýir liðir:
- Reykholtisdals-* og *Hálsasveitarvegur*: Frá Kláffossbrú um Reykholtisdal að Lambá.
 - Álftaneshreppsvegur*: Frá Stykkishólmi vestan Langár um Álftaneshrepp sunnanverðan á Kolviðarholt sunnan Hólsvatns, og þaðan vestur að Vogalæk.
 - Hraunhreppsvegur*: Frá Stykkishólmsvegi hjá Arnarstapa um Hrafnkelsstaði og Laxárholt að Vogu.
- XI. Á eftir B. 8. bætast nýir liðir:
- Útnesvegur*: Frá Ólafsvikurvegi, austan Fróðarheiðar um Breiðavík að Sandi.
 - Skógarstrandarvegur*: Frá Stykkishólmsbraut í Helgafellssveit á Vesturlandsveg í Miðdölum.
- XII. Á eftir B. 9. bætist nýr liður:
- Staðarfellsvegur*: Frá Vesturlandsvegi hjá Ásgarði að Staðarfelli.
- XIII. Á eftir B. 10. bætist nýr liður:
- Kaldrananeshreppsvegur*: Frá Strandavegi við Selá, um Bjarnarfjörð, Bala, Kaldbak og Veiðileysu að Reykjarfirði (Kúvikum).
- XIV. Á eftir B. 11. bætast nýir liðir:
- Reykhólasveitarvegur*: Af Geiradalsvegi í Þorskafjörð
 - Barðastrandarvegur*: Frá Þjóðveginum, milli Geirseyrar og Bildudals, af Mikladal og að Haga á Barðaströnd.
 - Rauðasandsvegur*: Frá Hvalskeri við Patreksfjörð að Saurbæ á Rauðasandi.
- XV. Á eftir 12. a. bætast nýir stafliðir:
- Af Breiðadalsheiði til Suðureyrar í Súgandafirði.
 - Frá Gemlufalli að Núpi.
 - Frá Vöðlum í Önundarfirði að Hjarðardal
- XVI. Á eftir B. 12. b. bætist nýr stafliður:
- Frá Þingeyri til Haukadals.
- XVII. Á eftir B. 13. bætast nýir liðir:
- Ármúlavegur*: Frá vegamótum Langadalsvegur við brú á Langadalsá til Ármúla.
 - Laugabólsvetur*: Frá Arngerðareyri að Laugabóli
- XVIII. Fyrir „til Skagastrandar“ í C. 7. komi: að Hofi á Skagaströnd.
- XIX. Á eftir C. 10. bætast nýir liðir:
- Blönduhlíðarvegur*: Frá Héraðsvatnabru á Grundarstokk, um Blönduhlíð og Viðvikursveit, um brú á Gljúfurá á Hofsósvog.
 - Laugabólsvetur*: Frá Arngerðareyri að Laugabóli.
- XX. Á eftir C. 11. bætist nýr liður:
- Laugalandsvetur*: Frá Norðurlandsvegi hjá Kaupangi að Laugalandsskóla.
- XXI. Á eftir C. 12. koma nýir liðir:
- Svarfaðardalsvegur*: Frá Árgerði að Urðum.

- b. *Svalbarðsstrandarvegur*: Frá Grenivík um Fnjóskárbrú og Laufás, á Norðurlandsveg á Svalbarðsströnd.
- c. *Kinnarvegur*: Frá Norðurlandsvegi hjá Krossi um Köldukinn að Garði í Aðaldal.
- XXII. Aftan við C. 13. bætist: og þaðan um Kálfaströnd að Reykjahlíð.
- XXIII. Á eftir C. 13. bætist nýr liður:
Fjallavegur: Frá Reykjahlíð um brú á Jökulsá að Grímsstöðum á Fjöllum.
- XXIV. Á eftir C. 15. bætist nýr liður:
Langanesvegur: Frá Þórshöfn um Langanes að Skálum.
- XXV. Á eftir D. 1. kemur nýr liður:
Vopnafjarðarvegur: Frá Austurlandsvegi hjá Möðrudal og í Vopnafjörð.
- XXI. Fyrir „*Stranda- og Vopnafjarðarvegur*“ í D. 2. komi: *Stranda- og Jökulsárhlíðarvegur*.
- XXVII. Á eftir D. 2. komi nýr liður:
Hróarstunguvegur: Frá Rangárbrú um Kirkjubæ og brú á Lagarfljóti í nánd við Lagarfljótsfoss á Úthéraðsveg.
- XXVIII. Aftan við D. 3. bætist: Um Gönguskörð og Njarðvíkurskriður til Borgarfjarðar.
- XXIX. D. 4. skal orða svo:
Upphéraðsvegur: Frá Lagarfljótsbrú vestan Fljóts um Brekku að væntanlegri brú á Jökulsá í Fljótsdal.
- XXX. Á eftir D. 6. komi nýr liður:
Þórdalsheiðarvegur: Frá Austurlandsvegi í Skriðdal um Þórdalsheiði til Reyðarfjarðar.